



## 14. Fundargerð Afréttarmálanefndar Gnúpverja

Steinsholti, 31. júlí 2024

Kl. 20.30

### Mætt til fundar:

Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Helga Höeg Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði Helga

#### 1. Fjallferðir

Frestur til að sækja um leit er 20. ágúst. Stefnum á að hittast miðvikudaginn 21. ágúst og raða niður í leitir.

Fjallskil og smalamennskur verða með sama sniði og í fyrra.

#### 2. Fjallvegasjóður

2,5 milljónir komu úr fjallvegasjóði. Pierre Davíð Jónsson er búinn að taka að sér vinnu við veginn. Aðaláhersla verður lögð á kaflann milli Kisu og Hnífár en einnig verður farið í fleiri staði sem þarfnast viðhalds. Stefnt er að þessari vinnu í lok ágúst.

#### 3. Verkefnalisti fyrir fjallferðir og réttir

- Girðingar
  - Yfirfara safngerðið og hestagirðinguna í Hólaskógi, skoða afréttargirðinguna í leiðinni. Gylfi tekur það að sér eða finnur einhvern í verkið.
  - Panta hólf fyrir fjallhesta á Ásólfstöðum. Arnór heyrir í Jóhannes H. Sigurðssyni.
- Réttir
  - Yfirfara grindur og girðingar.
  - Ákveðum vinnudag þegar við hittumst næst
- Skrifstofan
  - Auglýsa tafir á vegum og panta slátt með vegum

#### 4. Viðhald Skaftholtsréttar

Þurfum að finna fagmann og ástandsskoða réttirnar. Helga tekur það að sér.

#### 5. Hugarflugsfundur

Afréttarmálanefndin mun áfram vinna með niðurstöður hugarflugsfundarins frá því í vor og kynna þær í haust.

Fundi slitið kl. 21.50

Næsti fundur verður miðvikudagskvöldið 21. ágúst 2024